



Mál nr. S-201/2022 - Greinargerð um stöðu vinnu við gerð sjávarútvegsstefnu

Niðurstöður samráðs.

Þann 21. október 2022 kynnti matvælaráðherra greinargerð um stöðu vinnu við sjávarútvegsstefnu á Samráðsgátt stjórnvalda. Veittur var frestur til 20. nóvember 2022 til að veita umsögn um greinargerðina sem og að koma á framfæri hugmyndum og athugasemdum sem nýst geta við stefnumótun í sjávarútvegi. Tvær umsagnir bárust og þakkar ráðuneytið þeim sem sendu inn umsagnir fyrir þeirra framlag.

Eins og kemur fram í greinargerðinni fóru fram í október og nóvember 2022 opnir fundir um verkefnið á Ísafirði, Eskifirði, Vestmannaeyjum og Akureyri. Var þátttaka á fundunum góð og komu þar fram margar ábendingar og upplýsingar sem einnig munu nýtast við vinnu við sjávarútvegsstefnu.

Umsagnir sem bárust í gegnum samráðsgátt, ábendingar í gegnum vefsíðu verkefnisins og upplýsingar af opnum fundunum nýttu starfshóparnir Samfélag, Aðgengi, Umgengni og Tækifæri við að forma bráðabirgðaniðurstöður sínar sem kynntar voru 17. janúar 2023.